

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs
Mánudaginn 11. júní 2018.



8. fundur stjórnar VG, haldinn á Hallveigarstöðum.

Elín Oddný Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.

Mætt; Katrín Jakobsdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Edward Huijbens, Una Hildardóttir, Daníel Arnarson, Ragnar Karl Jóhannsson, Ingibjörg Þórðardóttir, Álfheiður Ingadóttir, Rúnar Gíslason og Einar Bergmundur Þorgerðarson Bóasarson. F.h. starfsfólks Björg Eva Erlendsdóttir, Anna Lís Björnsdóttir. F.h UVG: Valgerður Bláklukka Fjölnisdóttir. Fh. Sveitarstjórnarráðs Sóley Björk Stefánsdóttir.

Fundur settur kl. 15.10.

Anna Guðrún Þórhallsdóttir tekur sæti á fundinum kl. 15.30

Bjarni Jónsson tekur sæti á fundinum kl. 15.50.

Dagskrá:

- 1) Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og hún samþykkt.
- 2) Úrslit sveitarstjórnarkosninga og niðurstöður meirihlutamyndana. Katrín fer yfir stöðuna eftir nýafstaðnar sveitarstjórnarkosningar. Umræður um stöðuna fylgja í kjölfarið. Við eigum fulltrúa í sveitarstjórnnum á átta stöðum. Ljóst er að rýna þarf úrslitin á gagnrýnin hátt og fara í markvissar aðgerðir til að byggja upp starfssemi hreyfingarinnar til framtíðar. Hvernig komum við stefnunni okkar og fólkinu á framfæri? Við hvað tengja kjósendur okkur? Okkar fólk býr yfir mikilli þekkingu og reynslu hvernig komum við henni til skila? Mikilvægt að mynda bakhópa eða fagráð um ýmis málefni þar sem við nýtum þekkingu félaga í ýmsum málum. Bæta þarf aðgegni íbúa að kjörnum fulltrúum, kynna hver þau eru, hvað þau gera og hvernig hægt er að samband við þau. Mikilvægt að hreyfingin skapi sér skýrari sess á sveitarstjórnarstiginu, það hefur orðið útundan í okkar hreyfingu. Er hægt að vinna meira saman á sveitarstjórnarstiginu? Hvernig er hægt að nýta kraftana okkar betur?

3) Markkannanir og rýnihópar, greining á stöðu Vinstri Grænna og málefnavinnan framundan. Katrín fer yfir tillögur um að framkvæmd verði könnun til að fá punktstöðu á því hvernig almenningur sér hreyfinguna og málefna­grundvöll hennar. Farið verður í nauðsynlega greiningarvinnu og aðgerðaráætlun unnin á grundvelli hennar. Hver eru okkar gildi? Edward leggur til að þessi vinna verði unnin í haust og vandað verði til verka. Tilboð liggja fyrir frá Gallup, MMR og Maskínu í verkefnið. Bæði yrði um könnun og rýnihópavinnu að ræða. Ingibjörg man eftir vinnunni sem var farið í 2013 og taldi hana gagnlega. Mikilvægt að setja þetta verkefni í farveg. Daníel fagnar því að þessi vinna eigi að fara af stað, mikilvægt að nýta niðurstöðurnar og breyta því sem þarf að breyta í kjölfarið. Formanni og framkvæmdastjóra verður falið að ganga frá því í hvaða leiðir verði valdar ásamt tímalínu. Ritstjórn verður falið að fara yfir stefnur, ályktanir og samþykktir hreyfingarinnar og undirbúa efnið undir birtingu á vef. Mikilvægt að byggja á þeirri góðu stefnu og ályktunum sem samþykktar hafa verið í gegnum tíðina. Meðfram því þarf að bregðast við hvaða stefnumótun þarf að fara í og gera tillögur að málefna­hópum.

Kolbeinn Óttarson Proppé tekur sæti á fundinum kl. 16.30.

4) Flokksráðsfundur á Hornafirði. Katrín leggur til að fundi, sem fyrirhugaður var í ágúst á Höfn í Hornafirði, verði frestað fram í lok september eða byrjun október þannig að það verði hægt að nýta hann í vinnu í kjölfar þeirra greininga sem ráðist verður í. Nýta fundinn til að fara yfir niðurstöður og skipuleggja málefna­starfið og skipa málefna­hópa fyrir komandi vetur. Ákveðið að halda fund í lok september og byrjun október á Höfn í Hornafirði.

5) Endurreisn svæðisfélaga víða um land og staða UVG. Stjórn þarf að greina stöðu allra framboða sem buðu fram V-lista og tóku þátt í blönduðum listum. Vinna þarf uppgjör í tengslum við kosningar og tryggja áfram að sú vinna sem fram fór við að undirbúa sveitarstjórnarkosningarnar nýtist við uppbyggingu og innra starf svæðisfélaganna. Mikilvægt að vera í reglulegu sambandi við svæðisfélögin, ekki bara í aðdraganda kosninga. Hvernig styður hreyfingin við kjörna fulltrúa í sveitarstjórn? Hvernig komum við okkar málum á dagskrá? Handbók fyrir sveitarstjórnarfólk? Mikilvægt að efla samstarf við UVG og efla þá starfssemi í tengslum við framhaldsskóla og háskóla. Okkar unga fólk oft ósýnilegt eða vill ekki gefa sig fram, hvað veldur því? Ungliðahreyfingin er í stöðugri endurnýjun, þannig að það er viðvarandi verkefni að laða að nýliða og taka vel á móti þeim. Mikilvægt að virkja okkar félag víða um land betur í starfið, finna verkefni fyrir nýja félag og útvíkka starfið. Mikilvægt að nýta

tæknina, vera með fjölbreytta viðburði á ýmsum tímum, gera ráð fyrir fjölskyldufólki, ungu fólki og öllu þar á milli. Í Reykjavík hefur gefist vel að fá utanaðkomandi aðila til að ræða mál sem eru ofarlega á baugi. Bjarki Þór Grönfelt snýr til starfa 15. ágúst og mun m.a að taka að sér að vera tengiliður skrifstofu við UVG.

6) Uppbygging VG- félaga á höfuðborgarsvæðinu. Rætt hefur verið um aukna samvinnu svæðisfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Í ljósi niðurstöðu sveitarstjórnarkosninga eru uppi hugmyndir um að auka samstarf svæðisfélaga á höfuðborgarsvæðinu og að Anna Lísu verði tengiliður í þeirri vinnu. Álfheiður bendir á að Reykjavíkurfélagið þurfi að hennar mati að líta inn á við og efla tengsl við úthverfin. Mikilvægt að stofna bakhópa og vinnuhópa til að virkja betur félaga okkar á sveitarstjórnarstiginu.

7) Önnur mál

- a. Á stjórnarfundum í ágúst verður rætt sérstaklega um sjávarútvegsmál.
- b. Sveitarstjórnarráð verður kallað saman í júní.

Næsti stjórnarfundur verður boðaður með dagskrá föstudaginn 10.ágúst kl. 15.00.

Fundi slitið kl. 17.10